

## **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fella út úr Aðalskipulagi Reykjavíkur framlengingu Hallsvegar að Vesturlandsvegi**


Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fella út úr Aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040 framlengingu Hallsvegar að Vesturlandsvegi. Í framhaldi verði gerð viðeigandi breyting á skipulagsuppdráttum og greinargerð aðalskipulagsins þannig að ekki sé gert ráð fyrir tengingu Hallsvegar við Vesturlandsveg.

### **Greinargerð**

Í gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040 er gert ráð fyrir að Hallsvegur verði framlengdur frá Grafarvogi að Vesturlandsvegi og skilgreindur sem tveggja akreina gata milli Vesturlandsvegar og Sundabrautar. Þessi áform endurspeglast ekki í núverandi gatnakerfi og hafa ekki verið útfærð í deiliskipulagi.

Vegna fyrirhugaðrar Sundabrautar hafa íbúar Grafarvogs lýst verulegum áhyggjum af því að umferð um Hallsveg muni margfaldast. Hallsvegur er í dag að mestu leyti hverfisgata sem þjónar Grafarvogi og tengingum innan hverfisins. Núverandi umferðartölur sýna að um 3.000-4.000 bílar aka daglega um Hallsveg á kaflanum milli Langaríma og Strandvegar, en um 2.000 bílar á sólarhring fara frá Langaríma upp að Víkurvegi. Þetta undirstrikar að Hallsvegur er þegar í dag töluvert nýttur innan hverfisins.

Framlenging Hallsvegar frá Víkurvegi upp að Vesturlandsvegi myndi skapa beina tengingu fyrir umferð frá Vesturlandsvegi, Mosfellsbæ og Úlfarsárdal inn í Grafarvog. Slík tenging myndi óhjákvæmilega leiða til verulegrar aukningar á umferð um Hallsveg, langt umfram það sem gatan er hönnuð fyrir, og auka gegnumstreymi um Grafarvog.



Þá liggur íþróttasvæði Fjölnis nærri Hallsvegi og er þar dagleg umferð barna, ungmenna og fjölskyldna til og frá íþrótt- og tómstundastarfi. Aukin umferð myndi auka hættu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á svæðinu og ganga gegn markmiðum borgarinnar um öryggi, lýðheilsu og mannvænleg borgarrými.

Slík aukning er jafnframt í andstöðu við meginstefnu Aðalskipulags Reykjavíkur til 2040 um að draga úr gegnumumferð í íbúðarhverfum, styðja við vistvænar samgöngur og verja gæði gróinna hverfa. Með því að halda framlengingu Hallsvegar að Vesturlandsvegi inni í aðalskipulagi er viðhaldið óvissu um framtíðarþróun sem gengur gegn þessum markmiðum.

Með því að taka framlengingu Hallsvegar að Vesturlandsvegi út úr Aðalskipulagi er skýr afstaða tekin til þess að Grafarvogur verði ekki nýttur sem umferðarás fyrir aukið gegnumstreymi vegna Sundabrautar eða tenginga við Vesturlandsveg, heldur verði áfram lögð áhersla á öryggi, hverfisgæði og sjálfbæra borgarþróun.



*Fyrirhuguð tenging Hallsvegar við Vesturlandsveg er sýnd hér að ofan með bleikri línu, ekki er um nákvæmt vegstæði að ræða.*